

Skipulagsstofnun
Jón Smári Jónsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík 14. febrúar 2020
UST202001-368/A.B.
10.05.00

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Matskyldufyrirspurn - Skógræktaráform í landi Fremri-Hvestu

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar er barst dags. 24. janúar sl. þar sem er óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um það hvort og á hvaða forsendum ofnagreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdalýsing

Áformað er að gróðursetja um 90.000 plöntur í 41 ha af 51,6 ha af fyrirhuguðu skógræktarsvæði á jörðinni Fremri - Hvestu í Hvestudal í Arnarfirði og áætlað er að gróðursetningartíminn verði um 10 ár.

Í greinargerð kemur fram að meginmarkmið verkefnisins sé að rækta fjölnytjaskóg þar sem skógurinn muni skila af sér viðarnytjum, binda kolefni, jafna vatnsbúskap og auka frjósemi jarðvegs. Auk þess segir að skógurinn muni auka gildi svæðisins til útivistar.

Tegundasamsetning verður nokkuð fjölbreytt þar sem aðstæður eru fjölbreytilegar, en í jöðrum er lögð áhersla á birki, í melum og mosa verður aðallega gróðursett lerki og stafafura, í frjósömustu svæðin verður gróðursett ösp og greni og meðfram ánni er áætlað að gróðursetja árbakkaskóg, þ.e. gisinn laufskóg/lundi með blöndu af trjám og runnum, birki og víði. Skógurinn verður hannaður þannig að hann falli sem best að landslagi.

Ásýnd

Í greinargerð kemur fram að skógurinn verður hannaður á þann hátt að hann falli sem best að landslagi og telur Umhverfisstofnun það jákvætt. Einnig er bent á leiðir til að milda ásýnd framkvæmdarinnar þar sem kemur fram að gert er ráð fyrir að jaðrar verði gisnir og lögð áhersla á birkilundi og eyður til að milda ásýnd skógarins.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að skógræktarsvæðið falli vel að landslaginu en í 70. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir: „Við túnrækt, skógrækt, uppgræðslu lands, skjólbeltagerð og aðra ræktun skal þess gætt að hún falli sem best að heildarsvipmóti lands og raski ekki náttúru- og menningarminjum. Við gerð áætlana, mat á

umhverfisáhrifum og afgreiðslu umsókna vegna leyfisskyldrar ræktunar skal taka afstöðu til þessara atriða.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að huga að sjónrænum áhrifum skógræktar, þannig að ekki vaxi upp ferningslaga ræktunarsvæði heldur verði fylgt formum landslags eins og kostur er og tekið tillit til sérkenna landslags á hverjum stað. Að mati Umhverfisstofnunar hefði verið kostur ef í greinargerð hefði komið fram nánari lýsing á sjónrænum áhrifum á myndrænan hátt og hvaða leiðir verði farnar til að fella skógræktina að landslagi.

Binding kolefnis

Í greinargerð kemur fram að markmið verkefnisins sé m.a. að binda kolefni. Umhverfisstofnun bendir á að líkur eru á að kolefni sé mikið til bundið í þeim jarðvegi sem taka á yfir í skógrækt. Við framkvæmdirnar má gera ráð fyrir að losun á kolefni verði úr jarðvegi. Óljóst er að mati Umhverfisstofnunar hvort fyrirhuguð skógrækt muni binda meira kolefni en hún losar við plöntun trjáa og grisjun.

Auk þess kemur fram að í frjósömustu svæðin verður gróðursett ösp. Umhverfisstofnun bendir á að ekki kemur fram hvaða leiðir verði farnar til að endurheimta svæðið í núverandi mynd eftir að skógur hefur verið grisjaður og nytjaður.

Trjátegundir

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að gróðursettar verði innlendar trjátegundir, þ.e. ilmbjörk, reyniviður, gulvíðir eða loðvíðir. Markmið laga nr. 33/2019 um skóga og skógrækt er m.a. að vernda náttúruskóga landsins og stuðla að aukinni útbreiðslu þeirra. Í ofangreindum lögum er náttúruskógur skilgreindur sem land, sem er a.m.k. 0,5 ha að flatarmáli, þar sem sjálfsánar, innlendar trjátegundir, þ.e. ilmbjörk, reyniviður, blæösp, gulvíðir eða loðvíðir, eru ríkjandi og ná a.m.k. tveggja metra hæð fullvaxnar og a.m.k. 10% krónuþekju.

Umhverfisstofnun telur einnig mikilvægt að plantað sé fjölbreyttum trjátegundum, en með gróðursetningu á fjölbreyttum trjátegundum mun líffræðilegur fjölbreytileiki aukast og við það eykst seigla skógarins gagnvart sjúkdómum og sníkjudýrum.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 110. gr. reglugerðar nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda er ræktun útlendra plöntutegunda óheimil á friðlýstum svæðum eða eins og segir í greininni: „Öll ræktun útlendra tegunda hér á landi er óheimil á friðlýstum svæðum, á landslagsgerðum sem njóta sérstakrar verndar og alls staðar ofna 500 metra hæðar yfir sjó.“

Fuglalíf

Innan framkvæmdasvæðisins eru algengustu vistgerðirnar m.a. bugðupuntsvist, língresis – og vingulsvist og lyngmóavist á láglandi. Í bugðupuntsvist er meðalríkt fuglalíf og er algengt að varpfuglategundirnar; þúfutittlingur (*Anthus pratensis*), hrossagaukur (*Gallinago gallinago*) og heiðlóa (*Pluvialis apricaria*) nýti slíka vistgerð til varps.

Í língresis- og vingulsvist er ríkt fuglalíf og er algengt að varpfuglategundirnar; þúfutittlingur (*Anthus pratensis*), hrossagaukur (*Gallinago gallinago*), lóupræll (*Calidris alpina*), spói (*Numenius phaeopus*) og stelkur (*Tringa totanus*) nýti slíka vistgerð til varps.

Umhverfisstofnun bendir á að lóa, lóupræll og spói eru ábyrgðartegundir Íslands.

Í 2. gr. laga nr.60/2013 um náttúruvernd segir að til að stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni skuli stefnt að því að viðhalda fjölbreytni vistgerða innan náttúrulegra útbreiðslusvæða þeirra með þeirri tegundafjölbreytni og þeim vistfræðilegu ferlum sem einkenna hverja vistgerð og tryggja ákjósanlega verndarstöðu einstakra vistgerða.

Við skógrækt verður til annars konar búsvæði sem aðrar fuglategundir kunna að nýta sér, líkt og ýmsar spörfuglategundir, en Umhverfisstofnun bendir á að þessar tegundir fugla eru ekki ábyrgðartegundir Íslands.

Að mati stofnunarinnar er ekki gerð nægjanleg grein fyrir áhrifum fyrirbyggjandi skógræktar á fuglalíf og hvort sé um að ræða svæði sem getur talist búsvæði fugla sem eru ábyrgðartegundir. Umhverfisstofnun telur áhrif verkefnisins á fuglalíf vera óljós.


Bakkagróður

Í greinargerð kemur fram, þar sem fjallað eru um gróðursetningu á bls. 3, að meðfram ánni sé áætlað að gróðursetja árbakkaskóg þ.e. gisinn laufskóg/lundi með blöndu af trjám og runnum, birki og víði.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 62. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að við vatnsnýtingu og framkvæmdir í eða við vötn skuli leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins.


Niðurstaða

Að mati Umhverfisstofnunar eru nokkrir þættir framkvæmdarinnar óljósir og þar má nefna áhrif á fuglalíf og binding kolefnis. Með hliðsjón af ofangreindum atriðum telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér og telur því stofnunin framkvæmdina ekki háða mati á umhverfisáhrifum.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson
sérfræðingur